

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Heimspeki**

## **Að horfa eða ekki horfa?**

*Er siðferðilega ámcælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi?*

**Ritgerð til B.A.-prófs í heimspeki**

**Bjarki Garðarsson**

**Kt.: 1709883299**

**Leiðbeinandi: Henry Alexander Henrysson**

**Maí 2018**

## Ágrip

Ritgerðin fjallar um hvort að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Efni ritgerðarinnar skiptist í þrjá hluta. Í þeim fyrsta verður fjallað um samband listamanna við listina. Það verða útskýrðar þrjár hugsanlegar afstöður. Stuðst verður við hugmyndir Barthes Roland, Garret Leah Garret, John Bleasdale og Gregory Bernstein. Þá verður fjallað um þá afstöðu að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Farið verður yfir menningarleg rök út frá hreyfingunni sem kennir sig við myllumerkið #metoo, en einnig verður skoðað það sem Melissa Silverstein og Mariam Bale hafa fram að færa til umræðunnar. Í öðrum hluta verður hin hlið málsins skoðuð. Fjallað verður um margs konar rök sem halda því fram að sniðganga sé óæskileg leið til þess að bregðast við ásökunum um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Síðan verður íhugað hvort að það sé ósanngjarnt að hvetja til sniðgöngu vegna siðferðisbrestar eins eða fleiri aðila og hvort að ásökun sé nægilegt skilyrði til að hvetja til sniðgöngu. Stuðst verður við hugmyndir Scott Berkun, Josh Dickey, Jed Perl og Meghan McKenna. Í þriðja hluta verður fjallað um hlutverk almenningsálitsins og takmarkanir þess út frá kenningum John Stuart Mill og Pierre Bourdieu. Það verður farið vandlega yfir réttindi einstaklinga og hvenær það sé í lagi að hafa afskipti af þeim. Þá verður fjallað um hvort hægt sé að misnota almenningsálitið í þágu fárra og þeirri spurningu jafnframt velt upp hvort að eitthvað sem kalla má almenningsálit sé yfir höfuð til. Leitast verður við að útskýra hvort það sé við hæfi að boða til sniðgöngu kvikmyndar þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Í lokaorðum ritgerðarinnar er allt vegið og metið og komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki siðferðilega ámælisvert að horfa á slíkar kvikmyndir.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Sniðganga .....	3
Tenging listamanns og listar .....	3
Betra samfélag .....	7
Völd .....	9
Gegn sniðgöngu .....	10
Mismunun og áhrif sniðgöngu .....	10
Hagsmunatengsl og pólitík .....	12
Ósanngirni .....	15
Óvissa .....	16
Almenningsálitid .....	17
John Stuart Mill um almenningsálitid .....	17
Pierre Bourdieu um almenningsálitid .....	21
Lokaorð .....	24
Heimildaskrá .....	28

## Inngangur

Á síðastliðnu ári komu upp mörg hneykslismál þar sem að framleiðendur, leikarar eða leikstjórar voru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi. Það má segja að þetta hafi byrjað með hreyfingunni sem kennir sig við myllumerkið (e. *hashtag*) #metoo, en á íslensku þýðir það einfaldlega „ég líka“. Hreyfingin á uppruna að rekja til twitterfærslu leikkonunnar Alyssu Milano þann 15. október 2017, þar sem að hún hvatti konur til þess að láta vita ef þær hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi með því að svara póstinum hennar með #metoo.<sup>1</sup>

Í kjölfarið var kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein sem stofnaði Miramax ásakaður af mörgum konum fyrir að hafa beitt þær kynferðislegri áreitni og ofbeldi.<sup>2</sup> Flestar voru fyrrverandi samstarfsmenn en hann var meðal annars ásakaður af frægum leikkonum eins og Angeline Jolie og Kate Beckingsale.<sup>3</sup> Hreyfingin endaði ekki þar, heldur fóru aðrar leikkonur að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir af hálfu framleiðenda, leikara og leikstjóra. Fljótlega varð ljóst að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi leyndist víða í kvikmyndaiðnaðinum og sennilega í mun meiri mæli en nokkurn hafði grunað. Út frá þessari vitundarvakningu er eðlilegt að spyrja sig hvort það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Þetta verður rannsóknarspurning þessarar ritgerðar.

Til þess að geta vegið og metið hvort að kvikmyndaframleiðendur, leikarar og leikstjórar séu siðferðilega ábyrgir gagnvart þeim kvikmyndum sem þeir hafa unnið við, þá er nauðsynlegt að útskýra tengingu listamanna við listina. Farið verður yfir þrjár meginhugmyndir á því sviði. Þá verður farið yfir rök fyrir því að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Þessi rök eru byggð fyrst og fremst á menningarlegum grundvelli. Fjallað verður um #metoo hreyfinguna en hún hefur kallað eftir því að það verði hlustað á fórnarlömb og að samfélagið bregðist við kynbundnu ofbeldi. Sjónarmið bandaríska kvikmyndagagnrýnandans Mariam Bale verður ígrundað en henni finnst að við eigum að sniðganga þessar kvikmyndir til að draga úr vægi þeirra sem beita kynferðislegri áreitni eða ofbeldi.<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Shugerman, „Me too: Why are women sharing stories of sexual assault and how did it start?“

<sup>2</sup> Sama heimild.

<sup>3</sup> Sama heimild.

<sup>4</sup> Bale, „Critic’s Notebook: Why I Will Never Watch a New Woody Allen Film Again.“

Næst verður hin hlið málsins skoðuð. Bandaríski rithöfundurinn Scott Berkun telur að það sé mismunun að hvetja til sniðgöngu á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi.<sup>5</sup> Hann telur að það sama eigi að ganga yfir alla og því skrítið að sniðganga eitthvað á einu sviði fremur en öðrum. Berkun telur að með því að hvetja til sniðgöngu séu allar líkur á því að ástandið verði verra.<sup>6</sup> Það sem eigi að sniðganga verði eins og forboðinn ávöxtur.

Í framhaldi af þessu verða þau rök ígrunduð sem halda því fram að það sé full flókið fyrir einstaklinga að gera sér grein fyrir hagsmunatengslum framleiðenda, leikara og leikstjóra. Slíkt skemmi fyrir afþreyingarhlutverki kvikmynda sem ekki sé ætlað að vekja upp pólitískar spurningar. Bandaríski listagagnrýnandi Jed Perl kemur inn á þetta málefni en hann telur að list eigi ekki að vera pólitísk og gagnrýnir þá sem vilja smætta list niður í eindir með nokkurs konar rökhyggju að leiðarljósi.<sup>7</sup> Einnig verður íhugað hvort að það sé ekki ósanngjarnt að boða til sniðgöngu á kvikmynd vegna siðferðisbrests einhvers eins úr hópi framleiðenda, leikara og leikstjóra. Hvað þá um vinnuna sem hinir lögðu í verkið? Að lokum verður efast um að ásakanir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi sé nóg til þess að hvetja til sniðgöngu.

Eftir að báðar hliðar hafa verið skoðaðar verður farið í siðfræðilega greiningu, þar sem réttur einstaklinga verður í brennidepli og spurt hvaða rétt almenningur hefur til að hafa afskipti af vali og ákvörðunum einstaklinga. Þá verður farið yfir hugmyndafræði enska heimspekingsins Johns Stuarts Mill sem var uppi á 19. öld. Mill áleit annars vegar að einstaklingar ættu að vera frjálsir í málefnum sem vörðuðu þá sjálfa og hins vegar að rangt væri að ganga á hagsmuni annarra. Mill útskýrði hver takmörk almenningsálitsins væru og benti á að hægt væri að misnota það.<sup>8</sup> Hann taldi að við yrðum að hafa umburðarlyndi fyrir því ef einstaklingar skaðaði óvart hagsmuni annarra.<sup>9</sup>

Þetta er mikilvægt atriði í kenningu Mill, enda er umburðarlyndi nauðsynlegt skilyrði frelsis. Þessi krafa um umburðarlyndi gæti stutt þá kröfu að það sé ekki siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra og leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi.

---

<sup>5</sup> Berkun, „Should you ban Woody Allen’s Films?“

<sup>6</sup> Berkun, „Banning Something Makes it Powerful.“

<sup>7</sup> Perl, „Liberals Are Killing Art.“

<sup>8</sup> Mill, *Frelsið*, 139-143.

<sup>9</sup> Sama heimild, 150.

Í framhaldi af umfjölluninni um Mill verður sýn franska heimspekingsins Pierre Bourdieu á almenningsálitið skoðuð. Hann heldur því fram að almenningsálitið sé tálsýn sem sé notuð til að knýja fram einstaklingshagsmuni. Hann færir rök fyrir því að það séu ekki allir færir um að mynda sér skoðun og að allar skoðanir séu ekki jafn gildar.<sup>10</sup> Því má efast um að þeir sem hvetja til sniðgöngu á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra og leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, séu að tala fyrir hönd almenningsálitsins.

## Sniðganga

### Tenging listamanns og listar

Samband listamanns og listaverks er mikilvægt þegar taka á afstöðu til þess hvort að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þar sem einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra og leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Þrjú ólík viðhorf hafa verið sett fram. Í fyrsta lagi er hægt að líta svo á að listamaðurinn sé algjörlega óháður listaverkinu. Þá er átt við að það séu tvær óháðar heildir sem þurfa ekki á hvor annarri að halda. Í öðru lagi er hægt að líta svo á að listamaðurinn sé bundinn listaverkinu að einhverju leyti. Þetta sjónarhorn gefur til kynna að mörkin séu nokkuð óljós og því ekki alltaf skýrt hvort og þá hvernig listamaðurinn sé bundinn listaverkinu. Í þriðja lagi er hægt að líta svo á að listamaðurinn sé nátengdur listaverkinu. Það þýðir að það sé ómögulegt að ræða annað án þess að taka tillit til hins.

Fyrsta viðhorfið hefur verið talið nauðsynlegt af mörgum, þar sem að það verndar menningarlegaarfleifð og listina frá of miklum takmörkunum. Leah Garrett, sem er bandarískur rithöfundur og prófessor í nútímalífi og menningu Gyðinga (*e. contemporary Jewish life and culture*) við háskólann Monasah, skrifar grein um þetta viðfangsefni á vef *The Guardian*, þar sem hún útskýrir vel um hvað þetta snýst.<sup>11</sup> Hún telur að umdeildir listamenn eins Richard Wagner ýti undir þá hugmynd að það þurfi að aðskilja pólitík og siðferði frá listinni.<sup>12</sup> Ef við ætlum að ritskoða öll listaverk eftir siðferðilega vafasama einstaklinga, sem hafa til dæmis rasískar skoðanir eða líkar illa við samkynhneigða, þá færi mikið magn af menningarlegum auðæfum beint í ruslið.<sup>13</sup> Það er sitthvað til í þessu, enda væri

<sup>10</sup> Bourdieu, *Almenningsálitið er ekki til*, 61-65.

<sup>11</sup> Garrett, „Wagner Dilemma: can we hate the bigotry but still love his music?“

<sup>12</sup> Sama heimild.

<sup>13</sup> Sama heimild.

það leiðinlegt ef mikið magn af listaverkum fengi ekki að njóta sín vegna breyskleika listamannsins.

Garrett telur að franskur heimspekingurinn Roland Barthes, sem skrifaði *Dauði höfundarins*, hafi haft mikil áhrif á umræðuna þegar hann færði rök fyrir því að listaverk ætti að standa eitt og sér.<sup>14</sup>

Barthes gagnrýndi hefðina í bókmenntum fyrir að leggja áherslu á samband listaverks og höfundar, þá með tilliti til persónu, lífs og smekks þeirra. Barthes nefnir til dæmis að verk eftir van Gough væru metin út frá geðveiki hans og skáldskapur Tchaikovsky væri metinn út frá siðleysi hans.<sup>15</sup> Barthes gagnrýndi þetta sjónarmið og færði rök fyrir því að höfundar væru ekki alltaf að reyna koma persónulegum skilaboðum áfram. Hann taldi að listaverk ætti ekki „hreinan“ uppruna, heldur væri það samansett úr alls konar menningarlegum þáttum og því ómögulegt að túlka það á einn veg.<sup>16</sup>

Brett Mills og David M. Barlow, ritstjórar bókarinnar *Lestur fjölmiðlakeningarinnar* (e. *Reading Media Theory*), fjalla um *Dauða höfundarins* en þeir skrifa: „Ef þú samþykkir að textar innihaldi ekki merkingu, heldur séu smíðisgripir sem lesendur þurfa að gefa merkingu ... þá getum við aldrei sagt að kvikmynd sé fordómafull ...“<sup>17</sup> Þetta þýðir að ef áhorfanda finnst texti vera óviðeigandi, þá er það vegna þess að hann túlkar textann þannig. Áhorfandinn ber sjálfur ábyrgð á því að móðgast en ekki höfundurinn.

Garrett bendir á að minnihlutahópar, eins og innfæddir Bandaríkjamenn, samkynhneigðir og femínistar, hafi gagnrýnt þetta viðhorf.<sup>18</sup> Garrett telur að þetta sjónarmið sé hentugt fyrir þá sem eru í forrættindastöðu í samfélaginu þar sem þeir viti ekki hvernig er að verða fyrir fordómum.<sup>19</sup>

Garrett mótmælir því að áhorfendur eigi að njóta listaverka án þess að velta þeim fyrir sér. Hún telur að það sé niðrandi sjónarmið vegna þess að einstaklingar séu almennt hæfir um að mynda sér skoðun um bæði listamenn og listaverkin þeirra.<sup>20</sup> Hún skrifar að „hlutverk áhorfanda er ekki að líta undan samhengi listamannsins, heldur á hann að kynna sér það“.<sup>21</sup>

---

<sup>14</sup> Garrett, „Wagner Dilemma: can we hate the bigotry but still love his music?“

<sup>15</sup> Mills og Barlow, *Reading Media Theory*, 582.

<sup>16</sup> Sama heimild, 590-592.

<sup>17</sup> Sama heimild, 598.

<sup>18</sup> Garrett, „Wagner Dilemma: can we hate the bigotry but still love his music?“

<sup>19</sup> Sama heimild.

<sup>20</sup> Sama heimild.

<sup>21</sup> Sama heimild.

Garrett virðist gefa í skyn að það sé hægt að njóta listaverka og gagnrýna höfund í sömu andrá. Fordómar eigi það til að leynast í kvikmyndum og þá geti verið gott að þekkja til skoðana höfundar, þá sérstaklega ef þær eru niðrandi í garð ákveðinna einstaklinga eða hópa. Garrett færir sannfærandi rök fyrir því af hverju við ættum að velta fyrir okkur kvikmyndum í stóra samhenginu en hann útskýrir ekki beint hvernig listamenn eru tengdir listinni.

Næsta viðhorf um tengingu listar og listmanns er byggt á því að listamaðurinn sé tengdur listinni að einhverju leyti og þá sérstaklega þegar kemur að siðferði. Dominick Mayer, sem er bandarískur pistlahöfundur, kemur fram með nokkra athyglisverða punkta um þetta efni. Mayer telur að menningarlegir þættir eigi sér ekki stað í tómarúmi, heldur séu ákveðnar orðræður sem myndist í kringum listaverk og listamenn.<sup>22</sup> Hann telur að ef listamaður breytir gegn almennri siðferðisvitund, þá muni það óhjákvæmilega fylgja listinni hans. Mayer skrifar að í sumum tilfellum, eins og hjá Woody Allen, þá smitist breyskleikar listamannanna yfir í listina.<sup>23</sup> Þrátt fyrir það tekur hann fram að það sé ekki alltaf hægt að setja öll listaverka í samhengi við höfund, vegna þess að það myndi þýða að þeir sem búa til óaðlaðandi list séu vonlausar manneskjur en á hinn bóginn þeir sem boða frið og ást séu góðar manneskjur.<sup>24</sup> Mayers telur að erfitt sé að gera grein fyrir því hvernig listamenn eru tengdir listinni en gefur þó í skyn að þeir séu tengdir henni að einhverju leyti.<sup>25</sup>

John Bleasdale skrifar einnig pistill um sama viðfangsefni á vefnum *The Skinny*. Hann telur óraunhæft að aðskilja listamann frá listinni ef við fyrirlítum listamanninn og þá sérstaklega ef viðfangsefnið tengist kynlífi.<sup>26</sup> Það virðist liggja í augum uppi að þegar einstaklingur fyrirlítur annan einstakling, þá er honum ómögulegt að aðskilja gjörðir þess einstaklings frá persónunni. Jafnvel hinir einföldustu hlutir sem þessi einstaklingur gerir, geta farið í taugarnar á honum. Þrátt fyrir það er aldrei gott að fyrirlíta einhvern, í sumum tilfellum er þó ekki hægt að komast hjá því, eins og þegar brotið er gegn siðferðiskennd einhvers. Þá virðist það vera nokkuð sjálfgefið að þungbær málefni sem varða kynlíf og ofbeldi munu ávallt varða siðferðiskennd almennings.

Bleasdale fer lauslega yfir sögu Woody Allen til að sýna fram á að siðferðislegir brestir hans sjáist í kvikmyndum sem hann hefur leikstýrt. Í fyrsta lagi hefur Allen verið ásakaður af

---

<sup>22</sup> Mayer, „The ethical debate over buying a ticket to a Woody Allen movie.“

<sup>23</sup> Sama heimild.

<sup>24</sup> Sama heimild.

<sup>25</sup> Sama heimild.

<sup>26</sup> Bleasdale, „Why we can't watch Woody Allens films anymore.“



stjúpdóttur sinni Dylan Farrow um kynferðislegt ofbeldi.<sup>27</sup> Samkvæmt hennar frásögn misnotaði Allen hana árið 1992, þegar hún var sjö ára.<sup>28</sup> Í öðru lagi byrjaði Allen árið 1991 að halda fram hjá þáverandi konu sinni Mia Farrow með ættleiddri dóttur hennar sem heitir Soon-Yi Previn. Hún var á þeim tíma 21 árs og Allen 56 ára.<sup>29</sup> Mikilvægt er að hafa í huga að Allen var aldrei dæmdur eða formlega kærður fyrir að misnota Dylan Farrow. Hins vegar er samband Allen og Previn staðreynd og því ekki óeðlilegt að efast um siðferðilega dómgreind Allen.

Til að sýna fram á að kvikmyndir Allen beri keim af siðferðisbrestum hans, þá tekur Bleasdale nokkrar kvikmyndir fyrir til að styðja mál sitt.<sup>30</sup> Í kvikmyndinni *Allt sem þú vildir alltaf vita um kynlíf* \* en varst hræddur að spyrja um er settur fram húmor sem tengist nauðgunum. Í kvikmyndinni *Ást og dauði* leitar kona til prests en hann segir henni að lykilinn að hamingju sé „ljóshærðar tólf ára stelpur ... helst tvær.“<sup>31</sup> Að sjálfsögðu er hægt að segja að þetta sé bara óviðeigandi grín. Í kvikmyndinni *Eiginmenn og eiginkonur*, sem kom út árið 1992, yfirgefur aðalpersónan eiginkonu sína og byrjar með miklu yngri konu.<sup>32</sup> Þennan söguþráð er ekki hægt að slíta úr samhengi við þá staðreynd að myndin var gerð stuttu áður en Allen og Mia Farrow skildu. Þessi tenging sem Bleasdale bendir á er áhugaverð, enda margt sem bendir til þess að siðferðislegir brestir Allen sjáist í kvikmyndum hans.

Þriðja viðhorfið um tengingu listmanns við listina er byggt á þeirri hugmynd að persónuleiki listamanns sé grundvöllur listarinnar. Bandaríski prófessorinn Gregory Bernstein, sem hefur bakgrunn í kvikmyndum og lögfræði, kemur með athyglisvert innslag í umræðuna. Hann segir skrif sín „koma frá persónulegum áhuga og persónulegri reynslu; persónulegu kerfi gilda. Það gerir skrif þó nokkuð óhugnanleg vegna þess að þú ert alltaf að opinbera sjálfan þig fyrir áhorfendanum“.<sup>33</sup> Það er heilmikið til í þessu hjá Bernstein, enda hafa allir sinn eigin stíl og persónuleika.

Margt bendir til þess að listamenn séu bundnir list sinni nánnum böndum og það þarf ekki að vera neikvætt. Það má draga þessa ályktun út frá því að tilfinningar og reynsla er það sem gerir okkur að einstökum manneskjum. Þessir eiginleikar eru grundvöllur listarinnar og því eðlilegt að þeir hafi áhrif á hana. Þrátt fyrir það er ekki verið að halda því fram að listamaðurinn sé bundinn listaverkinu út frá líffræðilegri nauðsyn. Þessi tenging er búinn til að miklu leyti og því

---

<sup>27</sup> Bleasdale, „Why we can't watch Woody Allens films anymore.“

<sup>28</sup> Deb og Leiderman, „Woody Allen, Mia Farrow, Dylan Farrow: A timeline.“

<sup>29</sup> Sama heimild.

<sup>30</sup> Bleasdale, „Why we can't watch Woody Allens films anymore.“

<sup>31</sup> Sama heimild.

<sup>32</sup> Sama heimild.

<sup>33</sup> Almouai, „Asu weighs in: can we separate art from artist.“

má segja að hún sé smíðuð af samfélaginu. Siðferði og menning skipta máli en listaverk virðist einnig bera bresti og kosti listamannsins. Þegar listamaður gengur þvert gegn almennu siðferði í alvarlegum málefnum, þá er ekki óeðlilegt að einstaklingar kjósi að bregðast við.

Þá má einnig segja að allir hafi skyldu til þess að huga að siðferði. Siðferði er nefnilega ekki afstætt. Það eru ákveðin siðferðisleg gæði sem skipta máli og sem ber að vernda. Ef við aðskiljum listamanninn fullkomlega frá listinni, þá búum við til aðstæður þar sem listamaðurinn þarf ekki að taka ábyrgð á verkum sínum og gerðum en það hlýtur að vera hættulegt sjónarmið sem býður upp á misnotkun. Listamenn hefðu þá tækifæri til að lifa nokkurs konar tvöföldu lífi.

Lykilatriðið er að mörgum finnst að þessi tenging sýni fram á að það sé viðeigandi að sniðganga kvikmyndir þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra og leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Í þokkabót þá kunna siðferðisbrestir þeirra hugsanlega að koma fram í kvikmyndunum en sumir álíta að það sé forsenda til sniðgöngu.

## Betra samfélag

Ein helstu rökin fyrir því að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, eru byggð á þeirri hugmynd að okkur beri að búa til betra samfélag fyrir alla. Út frá þeirri forsendu er hægt að segja að okkur beri að sniðganga kvikmyndir sem siðferðilega vafasamir einstaklingar standa að til þess að hafa áhrif og stuðla að breyttu siðferðislandslagi í samfélaginu.

Það má segja að #metoo hreyfingin byggir á þessu sjónarmið. Markmið hreyfingarinnar er að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi með því að hvetja konur til þess að hafa hátt og segja frá kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Bandaríska leikkonan Blake Lively útskýrir þetta vel þegar hún tjáir sig um Harvey Weinstein og segir að það sé „mikilvægt að konur séu reiðar. Það er mikilvægt að rísa upp. Það er mikilvægt að við stöndum á okkar ... það er mikilvægt að við einblínum á allt mannkynið og segjum að þetta sé óásættanlegt“.<sup>34</sup> Það má segja að þetta sé ákveðin stríðsyfirlýsing gagnvart karllægum gildum (feðraveldinu) sem kúga og hlutgera konur. Í kjölfar umræðunnar um Weinstein, þá skrifaði söngkonan Björk Guðmundsdóttir færslu á facebook þar sem hún sagði frá því að hún hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu leikstjóra og gefur til kynna að það sé daglegt brauð.<sup>35</sup> Björk hins

<sup>34</sup> Farrow, „Dylan Farrow: Why has the #MeToo revolution spared Woody Allen?“

<sup>35</sup> Þorvaldur Örn Kristmundsson, „Var kynferðislega áreitt af leikstjóra.“

vegur óttast að leikkonur þori ekki að gera eitthvað í málinu vegna þess að þær óttist um frama sinn.<sup>36</sup> Björk gefur í skyn að mælirinn sé fullur og nú sé kominn tími á breytingar.

Melissa Silverstein, sem er bandarískur rithöfundur, pistlahöfundur og markaðsráðgjafi með sérþekkingu á sviði samfélagsmiðla kvenna og Hollywood, skrifar athyglisverðan pistil í *The Guardian* sem fellur vel að þessa umræðu. Hún leggur fram tvær ástæður fyrir því af hverju við ættum að sniðganga kvikmyndir eftir leikstjórann Woody Allen.<sup>37</sup> Í fyrsta lagi finnst henni að það eigi ekki að styðja við menn sem eru ásakaðir um misnotkun á eigin börnum. Í öðru lagi finnst henni að það eigi ekki að styðja við menn sem hlutgera konur í kvikmyndum.<sup>38</sup>

Silverstein finnst ásanir sem tengjast kynferðislegri áreitni eða ofbeldi ekki vera teknar nógu alvarlega.<sup>39</sup> Henni finnst til dæmis óviðeigandi að Allen sé ennþá leikstjóri í dag og furðulegt að leikarar séu tilbúnir að vinna með Roman Polanski.<sup>40</sup> Polanski var dæmdur í 13 ára fangelsi fyrir að misnota 13 ára stelpu árið 1978.<sup>41</sup> Það má segja að staða hans sé mjög sérstök, þar sem að hann er dæmdur barnaníðingur og var frægur Hollywoodleikstjóri. Það er án nokkurs vafa siðferðilega vafasamt að setja slíkan mann á háan stall í samfélaginu.

Þegar kemur að kvikmyndum Allen, þá finnst Silverstein þær sýna fram á að hann beri ekki virðingu fyrir konum.<sup>42</sup> Allen var spurður á ráðstefnu um það hvort að hann hygðist gera kvikmynd með kvenkyns aðaleikara og ungum karlkyns leikara og var svar hans á þá leið að slík hugmynd væri gild fyrir uppistand.<sup>43</sup> Þessi spurning var augljóslega ákveðið skot á Allen, þar sem yfirleitt eru eldri menn með yngri konum í kvikmyndum hans. Allen snýr þessu upp í grín, sem má segja að sé óviðeigandi og snúi út úr spurningunni. Silverstein finnst skrítíð að viðbrögð hans séu þessi, enda passi það engan veginn við tíðarandann.<sup>44</sup>

Það er nokkuð ljóst að Silverstein er að gagnrýna karllæga menningu sem kúgar konur.<sup>45</sup> Það virðist vera margt til í þessu, enda hefur menningin verið mjög karllæg og því þarf að breyta. Einnig má álykta að kynferðisleg áreitni eða ofbeldi sé með öllu óréttlæt看legt og því mikilvægt að sporna gegn því. Þá þurfum við meðal annars að hlusta á fórnarlömb þegar þau segja frá. Silverstein og #metoo hreyfingin gefa til kynna að það skipti ekki máli hver það sé sem ásakar

---

<sup>36</sup> Þorvaldur Örn Kristmundsson, „Var kynferðislega áreitt af leikstjóra.“

<sup>37</sup> Silverstein, „Why I won't be seeing Woody Allen's new film.“

<sup>38</sup> Sama heimild.

<sup>39</sup> Sama heimild.

<sup>40</sup> Sama heimild.

<sup>41</sup> Freeman, „What does Hollywood's reverence for child rapist Roman Polanski tell us?“

<sup>42</sup> Silverstein, „Why I won't be seeing Woody Allen's new film.“

<sup>43</sup> Sama heimild.

<sup>44</sup> Sama heimild.

<sup>45</sup> Sama heimild.

kvikmyndaframleiðenda, leikara eða leikstjóra, við eigum að hlusta á þá hvort sem þeir eru fjölskyldumeðlimir eða samstarfsfélagar. Einnig virðist það ekki skipta máli hvenær afbrotið átti sér stað. Sem dæmi má nefna að rekja má brot Weinstein langt aftur í tímann.<sup>46</sup> Ein leið til þess að hafa áhrif er að sniðganga siðferðilega vafasamar kvikmyndir sem hlutgera konur og tengjast kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að vafasamir aðilar fái fjármagn. Til að ná árangri þyrfti að sniðganga kvikmyndahús, efnisveitur og DVD myndir o.s.frv. Ef einstaklingur er virkilega forvitinn um ákveðna kvikmynd, þá gæti hann kynnt sér hana með því að lesa útdrætti, dóma og gagnrýni.

## Völd

Það hafa verið lögð fram svipuð rök og hér á undan fyrir því að það sé siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Þessi rök einblína á að það sé hægt að taka valdið af þeim sem haga sér ósiðlega með því að sniðganga þá.

Bandaríski kvikmyndagagnrýnandinn Mariam Bale skrifaði pistil á *The Hollywood Reporter* og ræðir þetta sjónarmið. Hún segist ætla hætta að styðja við leikstjóran Woody Allen til þess að draga úr vægi hans sem listamanns.<sup>47</sup> Bale veltir fyrir sér menningarlegum þáttum í samfélaginu og er ánægð með að við séum loksins farin að hlusta á konur þegar þær segja frá kynferðislegri áreitni eða ofbeldi.<sup>48</sup>

Þegar kemur að bakgrunni Allen, þá finnst Bale furðulegt að margir efast um að Allen hafi misnotað stjúp dóttur sína Dylan Farrow. Hún veltir fyrir sér af hverju það sé, enda eru vitnin yfirleitt aðeins tvö, einn þolandi og einn gerandi. Henni finnst líklegt að það sé vegna þess að þolendur hafa oft minna vald í samfélaginu en gerendur og þess vegna sé hætt við því að þeim sé ekki trúað.<sup>49</sup> Bale segir að þegar þolandi kemur fram þá sé virðing þeirra og samfélagsleg staða lögð að veði, en á hinn bóginn vilji gerendur passa upp á það vald sem þeir hafa í samfélaginu og lýsi þess vegna yfir sakleysi.<sup>50</sup>

Allt bendir til þess að þetta sé rétt hjá Bale, enda er oft talað um að sigurvegararnir skrifi söguna, því þeirra sé valdið. Þess vegna finnst Bale að við eigum ekki að leggja báða vitnisburðina að

---

<sup>46</sup> Shugerman, „Me too: Why are women sharing stories of sexual assault and how did it start?“

<sup>47</sup> Bale, „Critic’s Notebook: Why I Will Never Watch a New Woody Allen Film Again.“

<sup>48</sup> Sama heimild.

<sup>49</sup> Sama heimild.

<sup>50</sup> Sama heimild.

<sup>50</sup> Sama heimild.

jöfnu. Hún kys að trúa Dylan Farrow og þar af leiðandi að Allen hafi misnotað hana.<sup>51</sup> Allen heldur því fram að fyrrverandi eiginkona hans hafði fengið Dylan Farrow til þess að bera sakir á hann af því að hún var ósátt með sambandslit hennar og Allen. Bale finnst þetta vera óheiðarleg tilraun Allen til þess að beina athyglinni í aðra átt.<sup>52</sup> Hugsanlega er eitthvað til í þessu, enda er auðvelt að henda sökinni yfir á einhvern annan. Þrátt fyrir það er ekki hægt að vita fyrir víst hvort Allen sé að segja satt og líklega má segja að viðbrögð hans hafi ekki verið til fyrirmyndar.

Bale leggur til að við fhugum hverjum við gefum vald og bendir á að almenningur getur tekið valdið af þeim sem hafa slæm áhrif á samfélagið.<sup>53</sup> Það geti verið gert með því að sniðganga ákveðna listamenn og gefa öðrum listamönnum vægi í staðinn. Henni finnst til dæmis að listaverk eftir konur fái almennt ekki nógu mikla umfjöllun í samfélaginu.<sup>54</sup> Þetta er eitthvað sem við getum breytt með neyslumynstri okkar. Það má segja að málflutningur Bale sé byggður á þeim grundvelli að við getum skapað miklu betra samfélagið með því huga að hverju við gefum vægi. Án nokkurs vafa er margt til í þessu enda eru peningar helsti drifkraftur mannkynsins.

## Gegn sniðgöngu

### Mismunun og áhrif sniðgöngu

Margt rökstyður að það sé siðferðilega ámælisvert á horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Hins vegar eru einnig ýmis rök á móti sem næst verða skoðuð.

Bandaríski rithöfundurinn Scott Berkun telur að ef við ætlum að sniðganga kvikmyndir vegna siðferðisbrests einhvers í hópi leikstjóra, framleiðenda eða leikara, þá hljótum við að þurfa að fhuga neyslu okkar á öðrum sviðum líka.<sup>55</sup>

Berkun tekur fjölda dæma til að rökstyðja mál sitt sem sum verða skoðuð hér. Til dæmis nefnir Berkun að Michael Jackson var sakaður um barnaníð, Steve Jobs (stofnandi Apple) yfirgaf fyrsta barnið sitt, Volkswagen bjallan var hönnuð af nasistum, BMW var með þræla í vinnu.<sup>56</sup> Þýðir þetta að okkur beri að sniðganga tónlistina hans Jackson, sniðganga Apple vörur,

---

<sup>51</sup> Bale, „Critic’s Notebook: Why I Will Never Watch a New Woody Allen Film Again.“

<sup>52</sup> Sama heimild.

<sup>53</sup> Sama heimild.

<sup>54</sup> Sama heimild

<sup>55</sup> Berkun, „Should you ban Woody Allen’s Films?“

<sup>56</sup> Sama heimild.

sniðganga Volkswagen bjöllur og BMW bíla? Það virðast vera til endalaust mikið af siðferðilega vafasömum uppfinningum, vörum og listaverkum.

Bendir á að það sé hægt að finna siðferðisbresti víða í mannlífinu. Hann telur að ef við ætlum að banna verk eftir listamenn á þessum forsendum, þá hljótum við að þurfa að banna sambærilega hluti, eins og uppfinningar eftir vafasama einstaklinga.<sup>57</sup> Þá væri til dæmis siðferðilega rangt að nota leturgerðina Gill Sans vegna þess að höfundurinn á bakvið hana viðurkenndi að hafa misnotað börnin sín.<sup>58</sup>

Berkun bendir á það augljósa sem er að það er auðvelt að banna verk eftir listamann sem maður ber litla virðingu fyrir. Á hinn bóginn er auðvelt að lifa fáfróðu, illa upplýstu lífi, þar sem maður viljandi veltir ekki fyrir sér uppruna annarra verka.<sup>59</sup> Berkun telur að ef við förum að velta fyrir okkur upprunanum þá komi fljótlega í ljós að ansi margir eigi vafasama sögu, jafnvel þeir sem eru í miklu uppáhaldi hjá almenningi.<sup>60</sup>

Það er sitthvað til í þessu vegna þess ef við færum í ítarlega rannsóknarvinnu þá kæmi örugglega ýmislegt í ljós varðandi bakgrunn listamanna, uppfinningamanna, stjórnmalamanna, vinnufélaga, kunningja og svona mætti lengi telja. Þrátt fyrir það eru þessi rök ekki nógu sannfærandi, þar sem að þau ýta undir siðferðilegt aðgerðarleysi.

Það er mjög misjafnt hvað einstaklingum finnst um bönn. Sumir telja að þau gefi góða raun á meðan aðrir telja að þau geri það ekki. Berkun hefur sterka skoðun á bönnum. Hann heldur því fram að bönn séu neikvæð og þau séu fyrst og fremst framkvæmd til þess að meiða einhvern eða koma í veg fyrir eitthvað.<sup>61</sup> Það sama má væntanlega segja um það þegar opinberlega hefur verið hvatt til sniðgöngu. Hann telur að bönn séu ekki nógu áhrifamikil til þess að koma í veg fyrir að fólk sé misnotað og að þau geti haft þveröfug áhrif.<sup>62</sup> Þótt auðvelt sé að efast um þessa fullyrðingu þá er augljóst að í ákveðnum tilfellum getur bann haft óæskileg áhrif. Til dæmis telur Berkun að áfengisbannið í Bandaríkjum hafi gengið illa og verið skaðlegt samfélaginu.<sup>63</sup> Hann færir rök fyrir því að bannið hafi valdið því að áfengi varð áhrifameira í samfélaginu en

---

<sup>57</sup> Berkun, „Should you ban Woody Allen’s Films?“

<sup>58</sup> Sama heimild.

<sup>59</sup> Sama heimild.

<sup>60</sup> Sama heimild.

<sup>61</sup> Sama heimild.

<sup>62</sup> Sama heimild.

<sup>63</sup> Berkun, „Banning Something Makes it Powerful.“

ella. Hann segir að það sé vegna þess að einstaklingar hafi þurft að bjarga sér um áfengi með ólöglegum leiðum og að það hafi skapað fleiri vandamál en þau sem voru leyst.<sup>64</sup>

Berkun telur að þegar einhver hlutur er bannaður, þá sé í rauninni verið að auglýsa hann frítt. Það leiði til þess að fleiri taki eftir hlutnum, bæði þeir sem hafa áhuga og þeir sem vilja fordæma hann.<sup>65</sup> Berkun telur að sumir listamenn geri út á að það reyna að ganga fram af fólk til þess að fá athygli.<sup>66</sup> Það er eitthvað til í þessu, enda hefur mannhugurinn alltaf verið áhugasamur um skringilegheit, vandræði og ófarir annarra. Það er þó mjög hæpið að framleiðendur, leikarar eða leikstjórar notfæri sér kynferðislega áreitni eða ofbeldi í því skini að fá athygli, enda væru þeir þá að fara langt yfir öll velsæmismörk.

Berkun er sem sagt lítt hrifinn af bönnum og telur að það væri mun gáfulegra að styrkja stofnanir sem skipta okkur máli.<sup>67</sup> Ef einhverjum sé umhugað um konur sem verða fyrir heimilisofbeldi, þá ætti hann að styrkja stofnanir eins og kvennaathvarfið. Burken er sannfærður um að slíkar aðferðir séu líklegra til að ná tilsettum markmiðum. „Bönn er gamaldags, í staðinn skaltu breyta á þann veg að það hjálpi framtíðinni.“<sup>68</sup> Það er margt til í þessu, þar sem flestir vilja búa í frjálslyndu samfélagi þar sem að frelsinu eru ekki settar of miklar skorður.

Berkun nefnir ekki sniðgöngu en hefur væntanlega svipaða skoðun á henni og bönnum. Það er ekki mikil munur á þessum tveimur fyrirbærum og félagslegu áhrifin svipuð. Þegar stór hópur, fyrirmyndir eða vinir færa rök fyrir því að okkur beri að sniðganga eitthvað, þá virkar það svolítið eins og bann. Það er líklegt að það verði ákveðinn félagsþrýstingur og mögulega fordæming ef einstaklingur kys að sniðganga ekki. Í versta falli getur það leitt til útskýfunar. Það er ekki svo óalgengt að einstaklingar fjarlægji vini af facebook vegna þess að vinirnir eru ekki sammála í einhverjum mikilvægum málefnum.

## Hagsmunatengsl og pólitík

Þegar hvatt er til sniðgöngu, getur verið erfitt að gera sér grein fyrir hagsmunatengslum framleiðanda, leikara og leikstjóra. Tengsl þeirra við kvikmyndir geta verið óljós og því erfitt að ákveða hvaða kvikmyndir eigi að sniðganga og á þetta sérstaklega við um framleiðendur.

---

<sup>64</sup> Berkun, „Banning Something Makes it Powerful.“

<sup>65</sup> Sama heimild.

<sup>66</sup> Sama heimild.

<sup>67</sup> Berkun, „Should you ban Woody Allen’s Films?“

<sup>68</sup> Sama heimild.

Harvey Weinstein er til dæmis með virkilega flókið hagsmunanet. Hann er tengdur fyrirtækjum eins og The Weinstein Co og Miramax.<sup>69</sup> Þessi fyrirtæki standa að fjöldanum öllum af kvikmyndum og því er erfitt að vita nákvæmlega hvernig Weinstein tengist þeim í dag.

Bandaríski kvikmyndagagnrýnandinn Josh Dickey veltir þessu tengslum fyrir sér þegar hann reynir að komast til botns í því á hvaða kvikmyndum Weinstein græði. Dickey leitaði uppi allar helstu upplýsingar sem er hægt að fá um Weinstein. Hann gat þó ekki fundið nákvæmar upplýsingar um á hvaða kvikmyndum Weinstein græðir.<sup>70</sup> Dickey bendir hins vegar á að Weinstein eigi ennþá hlut í Weinstein Co, sem þýðir að hann hefur beinna hagsmuna að gæta í rekstri fyrirtækisins.<sup>71</sup> Þess vegna sé nauðsynlegt að sniðganga kvikmyndir sem eru tengdar því fyrirtæki. Þá finnst Dickey líklegt að Weinstein sé með alls konar persónulega samninga sem sé ómögulegt að rekja.<sup>72</sup> Dickey bendir á að eina leiðin til þess að sniðganga Weinstein sé að forðast allar myndir sem hann hefur nokkurn tíma komið nálægt.<sup>73</sup>

Það er reyndar ótrúlegur fjöldi kvikmynda sem þá þarf að sniðganga og því má segja að áhorfandinn þurfi að vera vel á varðbergi. Hann þyrfti helst að kynna sér bakgrunn allra kvikmynda sem hann ætlar að horfa á, vegna þess að það gætu einnig leynst aðrir framleiðendur, leikarar eða leikstjórar sem hefðu verið ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi.

Þegar hvatt er til þess að áhorfendur sniðgangi ákveðna framleiðendur, leikara eða leikstjóra, þá má segja að það sé verið að leggja krefjandi verkefni á herðar áhorfenda. Það er þó hugsanlega ekki þessi virði þegar upp er staðið. Tilgangur kvikmynda er almennt að skemmta og dreifa huga áhorfenda svo að þeir gleymi stað og stund. Með þessari kröfu er á vissan hátt verið að skemma tilgang kvikmynda, þar sem að áhorfandinn þarf að vega og meta hverja mynd fyrir sig. Margt bendir til þess að kvikmyndir þurfi ekki að vera hápólítískar. Kannski er best að horfa á kvikmyndir sem afþreyingu og í kjölfarið að meta þær út frá skemmtanagildi.

Framleiðendur eins og Weinstein sjá ekki um að skrifa handrit, leikstýra eða leika. Þess vegna skiptir það litlu máli hver framleiðandinn er upp á skemmtanagildi. Það eina sem skiptir máli er hvort að hann sé hæfileikaríkur á því sviði sem hann vinnur á. Þessi rök geta einnig átt við um leikstjóra og leikara.

---

<sup>69</sup> Dickey, „Want to be sure you’re not paying Harvey Weinstein? There’s only one way.“

<sup>70</sup> Sama heimild.

<sup>71</sup> Sama heimild.

<sup>72</sup> Sama heimild.

<sup>73</sup> Sama heimild.



Til dæmis þá bera kvikmyndir Woodys Allen ummerki kynjaðar hugsunar, karlrembu og karllæga gilda. Allen er orðinn 82 ára og ólst upp við allt aðrar aðstæður en einstaklingar sem fæddust í kringum aldamót. Hugsanlega útskýrir það karllægar skoðanir hans, enda voru kynjahlutverkin allt öðruvísi þegar hann var ungur maður. Það þýðir þó ekki að slík sjónarmið séu í góðu lagi eða lofsverð, heldur að stundum gætum við þurft að leyfa listamanninum að njóta vafans.

List getur verið margs konar og einstaklingar hafa mismunandi smekk. List getur verið áhrifarík, dulin, ruglingsleg, ögrandi, spennandi, áhugaverð og jafnvel vakið upp tilfinningar eins og ótta, örvun og gleði og svo mætti lengi telja. Til þess að list geti kallað þessa mannlegu eiginleika fram, þá þarf hún að hafa nokkuð frjálssar hendur.

Án nokkurs vafa er ýmislegt til í þessu sjónarhorni, enda verða framleiðendur, leikarar og leikstjórar að hafa smá svigrúm til þess að geta andað. Hins vegar er þetta svolítið ýkt dæmi vegna þess að áhorfandi þarf ekki endilega að sniðganga allar kvikmyndir, þó einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hafi verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Áhorfandi gæti valið að sniðganga einn framleiðanda vegna þess að hann fer yfir öll velsæmismörk eða eina kvikmynd vegna þess að hún er byggð á ótrúlega fordómum. Hvernig hvatt er til sniðgöngu fer eftir áhorfendum og út frá því hvað þeir telja vera siðferðilega ámælisvert. Hugsanlega vilja þeir aðeins dreifa boðskap sínum.

Þegar hugleitt er samband listar og pólitíkur, þá er margt sem bendir til þess að list þurfi ekki alltaf að vera pólitísk. Bandaríski listgagnrýnandinn Jed Perl skrifar pistill á vef *The New Republic* þar sem hann gagnrýnir frjálsslynda hugsuði fyrir að halda því fram að list sé pólitísk en honum finnst þeir taka hugmyndafræði fram yfir fegurð.<sup>74</sup> Hann segir að frjálsslyndir reyni að smætta listaverk niður í eindir með rökhyggju og krefjist þess að hún sé rökleg, siðþrúð og ábyrg.<sup>75</sup> Perl finnst þetta sjónarmið ekki fara saman við dulúð og töfra listarinnar. Hann gagnrýnir frjálsslynda fyrir að setja listinni of miklar skorður og ætlast til þess að hún sé skiljanleg. Það er margt til í þessu hjá honum, vegna þess að listverk eru yfirleitt ekki sköpuð á þeirri forsendu að það sé hægt að skilja þau eins og stærðfræðidæmi.

Pearl álitur að listaverk sé smíðisgripur með sjálfstæða tilvist sem er óháð tilveru listamannsins.<sup>76</sup> Þrátt fyrir það er hann ekki að tala fyrir því að listin eigi ekki að hafa nein

---

<sup>74</sup> Perl, „Liberals Are Killing Art.“

<sup>75</sup> Sama heimild.

<sup>76</sup> Sama heimild.

mörk. Hún hlýtur að eiga í það minnst að vera opin fyrir gagnrýni, enda getur list farið fyrir brjóstið á fólki. Perl nefnir til dæmis að áhorfendur geti átt erfitt með að horfa á rasískar kvikmyndir eins og *Birth of Nation*.<sup>77</sup>

Perl vitnar í ritgerð um Henry James, sem heitir *Prinsessa Casamassima*, en hún er skrifuð af Lionel Trilling. Í ritgerðinni heldur Trilling því fram að James hafi komist að því að grimm og gráðug alræðisríki hafa búið til dýrmætustu og fáuðustu listaverkin.<sup>78</sup> Þá er ekki átt við að kúgandi stjórnarfar sé frumforsenda fallegrar listar en Perl skrifar „að hann sé að gefa í skyn að ímyndunarafli listamanns einkennist af sinni eigin tegund af alræði og græðgi – sem hann nefndi, eins og frægt er; „geðveiki listarinnar““.<sup>79</sup> Perl telur að frjálslýndir fyllist andúð við þessa hugmynd. „List ... er út frá eigin náttúru of hituð, óskynsöm – og við dirfumst að segja, stundum ófrjálslýnd. Án ástríðu er ekki til list.“<sup>80</sup>

Það er margt til í þessu, enda er mjög algengt að listamenn hafi til að bera mjög sérstakan persónuleika og þurfi þar að leiðandi að fá svigrúm til að geta verið skapandi. Þetta frjálslýnda sjónarmið sem Perl lýsir virðist ekki skapa frjóan jarðveg fyrir listina. Þetta þýðir að ef kjósum að horfa á kvikmyndir út frá þeirri forsendu að þær séu sjálfstæðir smíðisgripir, þá ættum við sennilega ekki að sniðganga kvikmyndirnar út af löstum framleiðenda, leikara og leikstjóra. Við ættum frekar að gagnrýna listamennina fyrir ósiðlega hegðun. Hins vegar bendir margt til þess að það sé mjög erfitt að aðskilja þetta tvennt ef áhorfendum er misboðið. Sérstaklega ef listamennirnir hagnast af áhorfi.

## Ósanngirni

Margt bendir til þess að það sé ósannjarnt að hvetja til sniðgöngu á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Meghan McKenna skrifar pistill um þetta málefni á vefsíðunni *Fashion*. Hún álítur að það sé eðlilegt að vilja sniðganga slæmar manneskjur vegna þess að það er í rauninni eina valdið sem við höfum.<sup>81</sup>

Eins og nefnt var hér á undan þá hefur Harvey Weinstein komið að ótrúlega mörgum myndum, sem þýðir að ef við kjósum að sniðganga hann þá verðum við að sniðganga meistaraverk eins og *Lord of the Rings*.<sup>82</sup> McKenna bendir á að ef við kjósum að gera það, þá séum við einnig að

---

<sup>77</sup> Perl, „Liberals Are Killing Art.“

<sup>78</sup> Sama heimild.

<sup>79</sup> Sama heimild.

<sup>80</sup> Sama heimild.

<sup>81</sup> McKenna, „Should We Stop Watching Harvey Weinstein’s Movies?“

<sup>82</sup> Sama heimild.

sniðganga mikinn fjölda af saklausu fólki sem lagði sitt að mörkum við að búa kvikmyndirnar til.<sup>83</sup> Hún skrifar: „Sumar manneskju, konur sérstaklega, fóru í gegnum hræðilega reynslu til að búa til list ... þær þurftu að horfa á Harvey Weinstein í sturtu og núna ætlum við að ræna af þeim innkomunni?“<sup>84</sup> Þetta er mjög athyglisverður punktur, því að oft er talað um að við eigum að hugsa út frá stóra samhenginu og taka siðferðisbresti leikstjóra, framleiðanda og leikara með í reikninginn, en hvað með alla aðra sem tengjast þeim? Hvað með leikarana sem lögðu gífurlega mikla vinnu á sig til að koma fram í myndinni en fá svo þau skilaboð að myndin sem þeir voru að leika í sé siðferðilega ámælisverð vegna þess að leikstjóri eða framleiðandi breytti rangt. Það er erfitt að sjá réttlæti í því. Þótt Weinstein sé tengdur framleiðslu á Lord of the Rings yrði það svo sannarlega ósanngjarnnt gagnvart leikstjóra myndanna, Peter Jackson, að hvetja til þess að fólk horfi ekki á þær. McKenna finnst að listamenn eigi ekki að líða fyrir lesti annarra listamanna.<sup>85</sup> Þetta virðist vera rétt hjá henni, enda eru oft ótrúlega margir sem koma að einni kvikmynd og þess vegna er skrítið að draga alla til siðferðilegrar ábyrgðar. Hugmyndin um að sniðganga kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi er byggð á góðum ásetningi en ýmislegt bendir til þess að dæmið hafi ekki verið hugsað til enda.

## Óvissa

Þegar kvikmyndaframleiðendur, leikarar og leikstjórar eru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, þá er augljóslega ákveðinn þekkingarfræðilegur vandi til staðar. Það er erfitt að vita hvað átti sér stað þegar enginn hefur verið dæmdur og það skortir sönnunargögn. Það er alltaf möguleiki á því að einstaklingar kjósi að ásaka fræga menn til þess að koma á þá höggi, til að kaupa skammtímafrægð eða til að ná fram hefndum. Það er til dæmis hugsanlegt að fyrrverandi eiginkona Woody Allen hafi fengið stjúpdóttur þeirra til þess að ásaka Allen um misnotkun til þess að hefna sín. Það er einnig möguleiki á því að hún sé að segja satt. Samræður sem byggjast á orði á móti orði bjóða ekki upp á sannleika nema að báðar hliðar komi fram af heilindum. Vandamálið er að allavega önnur hliðin er ekki að segja allan sannleikann. Klassíska skilgreininginn á þekkingu er *sönn rökstudd skoðun* en í þessu tilfelli getur hún aldrei verið uppfyllt. Hugsanlega er betra að láta réttarríkið afgreiða málið, enda á ríkið að framfylgja lögum og dæma menn ef þeir hafa gerst brotlegir eða hafa skaðað hagsmuni annarra. Eins og sagt er í lýðræðis- og réttarríkjum, þá er maður saklaus uns sekt er

---

<sup>83</sup> McKenna, „Should We Stop Watching Harvey Weinstein’s Movies?“

<sup>84</sup> Sama heimild.

<sup>85</sup> Sama heimild.

sönnuð.<sup>86</sup> Í 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er sagt „að sönnunarbyrði um sekt sakbornings ... hvíli á ákærvaldinu“.<sup>87</sup> Þessi lausn er hugsanlega betri en að almenningur felli dóma um sekt eða sakleysi sem eru byggðir á orðrómi.

## Almenningsálitid

### John Stuart Mill um almenningsálitid

Þegar kemur að almenningsálitinu og hlutverki þess, er mikilvægt að hafa í huga að það eru tvö ákveðin réttindi sem okkur ber að taka mið af. Í fyrsta lagi er það gríðaréttur og í öðru lagi gæðaréttur. Gríðaréttur snýr að réttindum einstaklingins, það er að segja að hann fái nægt rými á sviði athafna og hugsana svo að hann nái að þroskast og dafna á eigin forsendum. Almennt er talið að þessi réttur sé nauðsynlegur svo að einstaklingar geti ræktað sjálfræði og sjálfsvirðingu. Þetta er að vissu leyti krafa um aðgerðarleysi gagnvart öðrum. Einnig eiga allir að bera þennan rétt jafnt, óháð þjóðfélagsstöðu.<sup>88</sup> Gæðaréttur hins vegar er byggður á þeirri hugmynd að samfélaginu beri að tryggja ákveðin gæði en þar má nefna rétt til menntunar, heilbrigðis og lífsviðurværis.<sup>89</sup> Samfélaginu ber til dæmis að byggja upp viðeigandi heilbrigðiskerfi svo að allir fái þá grunnþjónustu sem þeir þurfa. Þessi tvö réttindi eru nokkuð ólík í eðli sínu og þess vegna getur það vera mjög vandasamt að ákveða hvenær sé við hæfi að skipta sér af einstaklinginum.

Þetta viðfangsefni var John Stuart Mill hugleikið en hann skrifaði bókina *Frelsið* sem fjallar um rétt einstaklingsins og hvenær það sé við hæfi að hafa afskipti af honum. Hann tekur þetta viðfangsefni sérstaklega fyrir í fjórða kafla sem ber undirtitilinn *Um valdsvið samfélagsins yfir einstaklingnum*. Þar veltir hann fyrir sér eftirfarandi spurningu:

Sjálfræði einstaklingins eru takmörk sett. En hver eru þessi takmörk? Hvert er valdsvið samfélagsins yfir einstaklingnum? Hverju á hver einstaklingur að ráða um líf sitt og hverju samfélagið?<sup>90</sup>

Þessi spurning er mikilvæg vegna þess að það er nauðsynlegt að hafa mörk sem gefa til kynna hvenær það sé við hæfi að hafa afskipti af öðrum einstaklingum og hvaða ástæður gefa tilefni til þess. Hvernig þetta samband er skilgreint er lykilatriði þegar kemur að því að meta hvort það sé við hæfi að hvetja til sniðgöngu vegna ásakana um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Mill

<sup>86</sup> Halldór Gunnar Haraldsson, „Hvort er maður sekur uns sakleysi er sannað eða saklaus uns sekt er sönnuð?“

<sup>87</sup> Sama heimild.

<sup>88</sup> Vilhjálmur Árnasson, *Síðfræði lífs og dauða*, 91.

<sup>89</sup> Sama heimild, 92-93.

<sup>90</sup> Mill, *Frelsið*, 139.

álítur að einstaklingar eigi að verið frjálssir þegar kemur að málefnum sem varða þá sjálfa.<sup>91</sup> Hins vegar finnst honum að samfélagið eigi að huga að öðrum málefnum sem eru mikilvæg fyrir það. Hann telur að það sé nauðsynlegt hafa samskiptareglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Mill leggur fram tvær meginreglur:

Önnur meginreglan er, að enginn maður gangi á hagsmuni annarra – eða öllu heldur þá hagsmuni annarra, sem ber að telja rétt þeirra að skráðum eða óskráðum lögum. Hin er, að hver maður beri sanngjarna byrði starfs og fórna í því skyni að vernda samfélagið sem þegna þess gegn tjóni og árásum. Samfélagið hefur rétt til að framfylgja þessum reglum og refsa þeim mönnum, sem reyna að skorast undan þeim.<sup>92</sup>

Mill gefur hér skýrt til kynna að það sé rangt að ganga á hagsmuni annarra, jafnvel þótt að engin lög séu brotin. Til dæmis þá geta einstaklingar valdið öðrum meini og verið kærulausir um velferð þeirra án þess að brjóta skýlausan rétt á þeim.<sup>93</sup> Í slíkum tilvikum þá telur Mill á almenningsálitið sé í fullum rétti til þess að refsa þeim, þrátt fyrir að það megi ekki refsa þeim samkvæmt lögum.<sup>94</sup> Hins vegar tekur Mill það sérstaklega fram að þegar athöfn varðar aðeins einstaklinginn sjálfan, þá eigi hann að hafa frelsi til að gera það sem honum sýnist.<sup>95</sup>

Það er nokkuð ljóst að þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi þá ber samfélaginu að hafa afskipti, enda varðar það við lög. Hins vegar þegar kemur að kynferðislegri áreitni þá er línan aðeins óljósari. Í einhverjum tilvikum gæti það varðað lög en öðrum hugsanlega ekki.

Vandamálið með kynferðislega áreitni og ofbeldi er að það er vegið að hagsmunum annarra og stundum er lítið hægt að gera í því, enda mjög algengt að mál endi með orði á móti orði. Lög virðast vera máttlaus þegar kemur að málum af þessu tagi og því mætti álykta að það þurfi öðruvísi nálgun.

Einnig kemur fyrir að fórnarlömb komi ekki fram strax heldur bíði með það en það getur leitt til þess að málin eru orðin fyrnd. Lög eiga líka erfitt með að bregðast við menningarlegum þáttum sem eru siðferðilega ámælisverðir, eins og kynbundin mismunun. Þess vegna hlýtur almenningsálitið að hafa ákveðinn rétt til þess að bregðast við, það er að segja rétt til þess að vernda samfélagið þrátt fyrir að lagaákvæði samþykki það ekki. Því hlýtur að vera viðeigandi

---

<sup>91</sup> Mill, *Frelsið*, 139.

<sup>92</sup> Sama heimild, 139-140.

<sup>93</sup> Sama heimild, 140.

<sup>94</sup> Sama heimild.

<sup>95</sup> Sama heimild.

að refska þeim sem eru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi með almenningssálitinu eins og Mill færir rök fyrir.

Þrátt fyrir að Mill leggi mikla áherslu á frelsi einstaklingins til að ákvarða um sitt eigið líf, þá er hann alls ekki að hvetja til skeytingarleysis gagnvart öðrum, svo sem lifnaðarháttum þeirra. Þvert á móti telur hann að við eigum að hvetja hvert annað til að tileinka okkur betri lifnaðarhætti.<sup>96</sup> Honum finnst að við eigum að hjálpa hvert öðru við að greina hvað sé gott og hvað sé illt, og hvetja hvert annað til dáða.

Mill finnst að við eigum að notfæra okkur æðri sálargáfur og beina tilfinningum okkur að viturlegum markmiðum.<sup>97</sup> Þetta er mikilvægt atriði hjá Mill vegna þess að siðferði er alltaf að breytast og þess vegna þarf reglulega að endurhugsa hvað sé gott og slæmt. Samfélagið á að velta fyrir sér málefnum eins og kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, vegna þess að þá getur það myndað skýrari orðræðu um hvað megi og hvað megi ekki. Almenningsálitið getur hvatt einstaklinga til þess að láta gott af sér leiða en það getur verið persónuleg hvatning sem snýr að lifnaðarháttum.

Mill bendir á hið augljósa sem er að dygðir einstaklinga skipta máli þegar kemur að álitum annarra á honum. Ef einstaklingur er afbragsmaður, þá er hann álitinn aðdáunarverður.<sup>98</sup> Ef hann er hinn bóginn ódyggðugur, vitlaus, auðvirðulegur og með spilltan smekk, þá má álykta að hann sé andstyggilegur eða fyrirlitlegur. Mill finnst það vera eðlilegt að það sé borin lítil virðing fyrir slíkum manni en hins vegar finnst honum að við ættum að ráðleggja honum, svo að hann geti bætt ráð sitt. „Þennan greiða ættu menn að gera hver öðrum miklu oftari en almenn kurteisi leyfir, eins og sakir standa.“<sup>99</sup> Þetta er góður punktur hjá Mill og hann á ennþá vel við í dag. Þess vegna er viðeigandi að útskýra fyrir einstaklingi sem er ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi hversu alvarleg ásökun þetta er, hver mörkin eru og reyna að fá þá til að viðurkenna brotið eða til að útskýra hvað gerðist.

Mill tekur þó sérstaklega fram að við höfum ekki skyldu til þess að umgangast einstaklinga sem koma illa fram.<sup>100</sup> „Við höfum rétt til að forðast hann, þótt rangt sé að láta á því bera, því réttur manns er að kjósa sér þá kunningja, sem honum eru að skapi.“<sup>101</sup> Hins vegar tekur Mill fram að við höfum fullan rétt eða jafnvel skyldu til að vara aðra við honum, ef hann er líklegur til þess

---

<sup>96</sup> Mill, *Frelsið*, 140.

<sup>97</sup> Sama heimild, 141.

<sup>98</sup> Sama heimild, 142.

<sup>99</sup> Sama heimild, 143.

<sup>100</sup> Sama heimild.

<sup>101</sup> Sama heimild.

að hafa slæm áhrif á vini eða kunningja.<sup>102</sup> Þar með, ef við höldum að framleiðendur, leikarar eða leikstjórar séu skaðlegir vinum okkar eða samfélaginu þá höfum við rétt til þess að vara við þeim og sniðganga þá.

Mill álfur að einstaklingar hafi ekki beinar skyldur gagnvart samfélaginu þegar kemur að breytni sem varðar einstaklinginn sjálfan.<sup>103</sup> Þess vegna verðum við að umbera það ef einstaklingar eru breyskir, sóðalegir, einfaldir, vitlausir o.s.frv. Þrátt fyrir það þá getur breytni skaðað aðra óbeint og alveg óvart, án þess að það sé brotin skylda gagnvart almenningi. Í slíkum tilvikum finnst Mill að við verðum að umbera slíkt athæfi, enda ef við gerum það ekki, þá sé ákveðin hættu á að frelsi fari dvínandi í samfélaginu.<sup>104</sup> Samkvæmt þessu sjónarmiði, þá verðum við hafa ákveðið umburðarlyndi fyrir hvert öðru enda, er umburðarlyndi ein helsta forsenda frelsis. Til dæmis þá skaða bílar umhverfið og aðra vegfarendur óbeint. Þrátt fyrir það þá verðum við að umbera bíla, enda lítið annað í boði. Þegar kemur að kvikmyndum þar sem framleiðendur, leikarar og leikstjórar hafa verið ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, þá eru tvær hliðar á málinu. Í fyrsta lagi ættum við að umbera hvaða kvikmyndir aðrir horfa á, enda er það þeirra val. Í öðru lagi bendir flest til þess að við ættum að umbera þær ásakanir sem hafa verið lagðar fram á hendur framleiðendum, leikurum og leikstjórum með því að láta það ekki bitna á þeim kvikmyndunum sem þeir tengjast. Kvikmyndir geta verið stórgóðar þrátt fyrir að örfáir aðilar hafi farið út fyrir öll velsæmismörk. Til dæmis þá er Harvey Weinstein ekki eini maðurinn sem kom að Lord of The Rings og ásakanirnar eru ekki beintengdar myndinni, Það er að segja kvikmyndirnar valda ekki samfélaginu skaða. Þess vegna ættum við að sína slíkum kvikmyndum umburðarlyndi í þeim skilningi að við höldum áfram að njóta þeirra þrátt fyrir ásakanir gegn einstaklingum sem tengjast þeim.

Mill tekur fram að samfélagið hafi vald til þess að móta komandi kynslóðir.<sup>105</sup> Hins vegar að „samfélagið geti sjálfu sér um kennt, ef það lætur einhvern fjölda þegna sinna alast upp í hreinum barnaskap, skynsemisskort og fyrirhyggjuleysi“.<sup>106</sup> Þetta er frekar harkalega orðað hjá honum, þar sem að einstaklingar hafa mismunandi tækifæri í lífinu og mismunandi bakland. Af þeirri ástæðu verða alltaf einhverjir sem þurfa auka leiðsögn og aðstoð í lífinu. Mill bendir á að samfélagið græði á því að almenningsálitið ráðleggi þeim sem minnstu dómgreinda hafa.<sup>107</sup> Þrátt fyrir það telur hann að almenningsálitið verði að fara varlega, enda er hætt við því að sumir

---

<sup>102</sup> Mill, *Frelsið*, 143.

<sup>103</sup> Sama heimild, 147-49.

<sup>104</sup> Sama heimild, 150.

<sup>105</sup> Sama heimild, 150-151.

<sup>106</sup> Sama heimild, 151.

<sup>107</sup> Sama heimild.

einstaklingar taki gagnrýni illa og forherðist.<sup>108</sup> Án nokkurs vafa þá er þetta vandasamt verk sem krefst varfærni.

Mill gefur til kynna að almenningsálitið geti gengið of langt, en hann gagnrýnir siðfræðinga og frumspekinga fyrir að ætlast til þess að almenningurinn tileinki sér algildar siðareglur.<sup>109</sup> Mill nefnir til dæmis að hreintrúarmönnum í Nýja Englandi hafi tekist að koma í veg fyrir allar almennar skemmtanir út frá sjónarmiði trúar og siðferðis.<sup>110</sup> Mill finnst þetta ekki vera í lagi og því vill hann að við segjum við slík stjórnvöld eða almenningsálit: Ekki skipta þér af því sem kemur þér ekki við!<sup>111</sup>

Þetta er hárrétt hjá Mill vegna þess að almenningsálitið getur gengið of langt og þar með orðið skaðlegt. Því er mikilvægt að siðferði fái að mótast út frá opinberri umræðu, þar sem allir fá að móta umræðuna. Án slíks vettvangs er hættu á því að margt sem er okkur kært verði ritskoðað. Þegar kvikmyndaframleiðendur, leikarar og leikstjórar eru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, þá ættum við að kynna okkur málefnið, ræða það við vini okkar og síðan ættum við að mynda okkur eigin skoðun út frá eigin skynsemi. Ef það er hvatt til sniðgöngu þá ætti það að vera *persónulegt val* hvers og eins hvort hann kýs að sniðganga framleiðendur, leikara, leikstjóra sem hafa verið ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Hins vegar bendir flest til þess að við ættum ekki að láta siðferðisbresti framleiðenda, leikara og leikstjóra bitna á þeim kvikmyndunum sem þeir eru tengdir vegna þess að þær valda ekki samfélaginu beinum skaða.

## Pierre Bourdieu um almenningsálitið

John Stuart Mill færir sannfærandi rök fyrir því að almenningsálitið hafi ákveðinn rétt til þess að hafa áhrif á einstaklinga í samfélaginu. Þrátt fyrir það má efast um ágæti almenningsálitsins og hvort það sé til yfir höfuð. Pierre Bourdieu tekur undir það sjónarmið í ritgerð sem nefnist *Almenningsálitið er ekki til í íslenskri þýðingu*. Bourdieu gagnrýnir skoðanakannanir miskunnarlaust. Hann telur að skoðanakannanir séu klisjukenndar og yfirborðskenndar en þær eru gjarnan notaðar til þess að komast að því hvað almenningi finnst um þjóðfélagsleg málefni.<sup>112</sup> Bourdieu telur að almenningsálitið sé ekki eins haldbært og margir telja það vera. Hann telur að það sé tálsýn sem er uppbyggð af samanlögðum skoðunum og svo er fundin út einhvers konar meðalskoðun.<sup>113</sup> Hann skrifar:

---

<sup>108</sup> Mill, *Frelsið*, 151-2.

<sup>109</sup> Sama heimild, 154.

<sup>110</sup> Sama heimild, 157.

<sup>111</sup> Sama heimild, 158.

<sup>112</sup> Bourdieu, *Almenningsálitið er ekki til*, 61.

<sup>113</sup> Sama heimild, 64-65.



„Almenningsálitið“ sem birtist á forsíðum dagblaðanna í formi prósentutalna (60% Frakka eru fylgjandi...) er hreinn og klár tilbúningur sem breiðir yfir þá staðreynd að skoðanaheimurinn á ákveðnum tímapunkti er valda- og átakakerfi og að ekkert gefur jafn ófullnægjandi mynd af skoðanaástandi og prósentutala.<sup>114</sup>

Bourdieu lýsir almenningsálitinu sem falskri meðalskoðun sem er síðan misnotuð af þeim sem eru við stjórn til þess að ná fram persónulegum ávinningi. Hann skilgreinir þrjár kreddur sem einkenni vandamálið. Í fyrsta lagi þá geri skoðanakannanir ráð fyrir því að allir geti haft skoðun og séu hæfir um að mynda sér þær. Í öðru lagi er því haldið fram að allar skoðanir séu jafnar. Bourdieu finnst þetta vera rangt, því að samkvæmt honum vega skoðanir mismunandi þungt. Í þriðja lagi er lögð sama spurning fyrir alla, þrátt fyrir að það ríki ekki almennt samkomulag um hvaða vandamál eða spurningar verðskuldi athygli.<sup>115</sup>

Þegar kemur að fyrstu kreddunni þá telur Bourdieu að það sé ekki tekið tillit til þeirra sem taka ekki afstöðu. Hann bendir á að konur séu ólíklegri til að svara pólitískum spurningum og ef spurning krefst þekkingar þá sé líklegra að langskólagengið fólk geti svarað þeim.<sup>116</sup> Bourdieu gagnrýnir skoðanakannanir fyrir að horfa á almenningsálitið sem einhvers konar safn skoðana þar sem einstaklingar geta tjáð sig í einrúmi.<sup>117</sup> Hann segir: „Við raunverulegar aðstæður eru skoðanir hins vegar áhrifavald og tengsl milli skoðana eru valdaátök milli hópa.“<sup>118</sup> Þannig að þegar kemur að skoðanamyndun þá verðum við að velja okkur hóp.

Þegar kemur að annarri kreddunni þá telur Bourdieu að áhugi og hagsmunir einstaklinga skipti miklu máli þegar kemur að vægi skoðunar, til dæmis eru kennarar líklegri til að hafa sterkar skoðanir varðandi menntakerfið.<sup>119</sup> Hann telur að þeir sem hafa sterkar skoðanir séu líklegri til að hafa áhrif á aðra. Honum fyndist skrítið ef menntamálaráðherra tæki ákvarðanir út frá skoðanakönnun fremur en út frá heimsóknum til háskólarektors eða deildarforseta.<sup>120</sup>

Þegar kemur að þriðju kreddunni þá telur Bourdieu að einstaklingar séu ekki sammála um hvaða spurninga eigi að spyrja, til dæmis hafi einstaklingar misjafnar hugmyndir um hvað skipti máli út frá stétt eða þjóðfélagsstöðu. Þess vegna telur Bourdieu að ein spurning geti ekki

---

<sup>114</sup> Bourdieu, *Almenningsálitið er ekki til*, 65.

<sup>115</sup> Sama heimild, 62.

<sup>116</sup> Sama heimild, 66.

<sup>117</sup> Sama heimild, 75-76.

<sup>118</sup> Sama heimild, 76.

<sup>119</sup> Sama heimild.

<sup>120</sup> Sama heimild.

endurspeglad hugsanir almennings, enda sé líklegt að hún sé lituð af einstaklingshagsmunum.<sup>121</sup>

Margt bendir til þess að það sé hægt að tengja kreddurnar þrjár við umræðuna um kynferðislega áreitni og ofbeldi í kvikmyndaiðnaðinum. Í fyrsta lagi þá er örugglega erfitt fyrir einstaklinga sem hafa enga reynslu af kynferðislegri áreitni eða ofbeldi að mynda sér skoðun um málefnið. Einnig er örugglega erfitt fyrir karlmenn sem eru u.þ.b. helmingur mannkyns að setja sig í spor kvenna. Í öðru lagi má álykta að þeir sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, séu líklegri til að hafa sterkar skoðanir um málefnið. Í þriðja lagi þá ríkir ekki algjört samkomulag um hvað telst vera kynferðisleg áreitni eða ofbeldi og hvaða sjónarhorn verðskuldi athygli í opinberari umræðu.

Bourdieu álítur að skoðanakannanir séu hagsmunatæki þar sem að sérhvert viðfangsefni sé samofið hagsmunum annarra og þá sérstaklega þegar kemur að pólitískum málefnum. Hann telur að pólitíkin ráði of miklu um merkingu svara og hvernig þau eru notuð. Bourdieu skrifar: „Í stuttu máli er stjórnmalamaður sá sem segir „Guð er með oss!“ Samsvarandi fullyrðing nú á dögum væri: „Almenningsálitið er með oss!“<sup>122</sup> Hér gefur hann til kynna að almenningsálitið sé talsýn sem sé notuð til þess að knýja fram sérhagsmuni fárra.

Það er sitthvað til í þessu, enda bendir margt til þess að almenningsálitið sé stundum notað til þess að knýja fram sérhagsmuni. Varðandi þetta sjónarmið þá virðist vera samhljómur milli Mill og Bourdieu að einhverju leyti. Mill gerir sér grein fyrir því að almenningsálitið geti orðið hættulegt og kúgandi. Hann reynir að koma í veg fyrir að þessi kúgun verði að veruleika í verkum sínum. Hins vegar bendir allt til þess að Mill sé mun bjartsýnni en Bourdieu, þar sem hann álítur að almenningsálitið geti verið gagnlegt og gott fyrir samfélagið í heild sinni, ef við leitumst við að skilja möguleika þess og takmarkanir.

Allt bendir til þess að almenningsáliti sé til í raun og veru, en það má að sjálfsögðu deila um hvernig á að nota það eða túlka það. Til dæmis er því almennt haldið fram að það sé rangt að skaða hagsmuni annarra, misnota aðra, beita ofbeldi, stela o.s.frv. Það er hægt að finna fjölda annarra dæma þar sem mikill meirihluti er sammála. Hins vegar þegar kemur að flóknum, erfiðum og umdeildum málum, þá er mjög ólíklegt að það ríki samstaða um það í þjóðfélaginu. Það er ómögulegt að allir geti myndað sér skýra skoðun um erfið málefni. Þess vegna er líklegt að einstaklingar hlusti á þá sem hafa mjög ákveðnar skoðanir og velji hlið út frá því.

---

<sup>121</sup> Bourdieu, *Almenningsálitið er ekki til*, 78-79.

<sup>122</sup> Sama heimild, 65.

Bourdieu gefur í skyn að í slíkum aðstæðum sé almenningssálitið ekki til staðar, heldur ríki hagsmunabarátta þar sem almenningur eru notaður eins og tæki.<sup>123</sup> Auðvitað er mikilvægt að einstaklingar myndi sér góðar og skynsamlegar skoðanir. Hins vegar bendir margt til þess að þekkingarfræðilegt traust sé nauðsynlegt, þar sem að án þess er erfitt að mynda sér skoðun um nokkurn skapaðan hlut. Þá þurfum við að vera vakandi gagnvart því að almenningssálitið sé misnotað.

Þeir sem hvetja til sniðgöngu gagnvart kvikmyndum þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, virðast vera að tala fyrir hönd almenningss. Það er margt til í því, enda er mikil meirihluti gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Þrátt fyrir það má efast um að almenningi finnist sniðganga vera góð leið til þess að bregðast við, enda líklegt að margir hafi litla skoðun á málefnum. Því má efast um að þeir sem hvetja til sniðgöngu á kvikmyndum þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, séu að tala fyrir hönd almenningss eða hafi rétt til að leggja hömlur á valfrelsi einstaklinga.

## Lokaorð

Eins var tekið fram í byrjun ritgerðarinnar þá snýst umræðan að miklu leyti um tengingu listamanna við listina. Roland Barthes telur að listamenn séu óháðir listsköpun sinni en út frá því sjónarhorni þá þarf listamaðurinn ekki að axla siðferðilega ábyrgð.<sup>124</sup> John Bleasdale telur að það sé ómögulegt að aðskilja listamenn frá listinni ef við fyrirlítum þá. Án nokkurs vafa þá er margt til í því, enda fer það fyrir brjóstið á okkur ef einstaklingar fara út fyrir öll velsæmismörk.<sup>125</sup> Gregory Bernstein telur að listamenn séu nátengdir listinni og séu þar af leiðandi alltaf að opinbera sig fyrir áhorfendunum.<sup>126</sup> Þetta sjónarmið getur hugsanlega átt við um einhverja listamenn, en eins og Barthes bendir á þá er hæpið að allir listamenn séu að reyna koma áfram persónulegum skilaboðum.

Ef er það er tekið mið af öllum sjónarhornum þá bendir flest til þess að listmenn séu tengdir listinni að einhverju leyti út frá menningu og siðferði. Þá er hugsanlegt að í einhverjum tilvikum

---

<sup>123</sup> Bourdieu, *Almenningssálitið er ekki til*, 61-65.

<sup>124</sup> Mills og Barlow, *Reading Media Theory*, 580-598.

<sup>125</sup> Bleasdale, „Why we can't watch Woody Allens films anymore.“

<sup>126</sup> Almouai, „Asu weighs in: can we separate art from artist.“

geti brestir listamannsins smitast í listaverkin, en það ber að hafa í huga að það er vandasamt verk að finna hvar tengslin liggja.

Þegar kemur að ásökunum á hendur kvikmyndaframleiðenda, leikara eða leikstjóra sem tengjast kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, þá eru helst tvær ástæður fyrir því af hverju það er talið ámælisvert á horfa á kvikmyndir sem þeir tengjast. Í fyrsta lagi er hvatt til sniðgöngu á þeim grundvelli að okkur beri að skapa betra og vinalegra samfélag og #metoo hreyfingin kom sterkt inn þegar hún kallaði eftir því að við ættum að hlusta á fórnarlömb. Í öðru lagi færði Mariam Bale sannfærandi rök fyrir því að við eigum að taka valdið af þeim sem eru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi og gefa öðrum það í staðinn.<sup>127</sup> Þá meðal annars til kvenkyns listamanna. Gallinn við þessa skoðun er sú að hún getur skapað hvata fyrir einstaklinga til þess að ljúga hver upp á annan til þess að draga úr valdi hins. Það er þó margt gott sem #metoo hreyfingin og Bale leggja fram en það má deila um hvort að sniðganga sé góð leið til þess að ná fram breytingum.

Það eru margar hliðar á þessu máli. Ýmislegt bendir til þess að sniðganga sé ekki skynsamleg lausn. Scott Berkun telur að það sé mismunun að sniðganga framleiðendur, leikara og leikstjóra. Hann er á vissan hátt að segja að annaðhvort sniðgöngum við allt sem er siðferðilega vafasamt eða ekki neitt.<sup>128</sup> Berkun álitur einnig að sniðganga geti haft þveröfug áhrif og þar með aukið vandann sem er fyrir hendi.<sup>129</sup>

Um það sem Berkun segir, þá er í fyrsta lagi fáránlegt að gera kröfu um það að sniðganga allt eða ekkert. Einstaklingar hafa mismunandi hagsmuna að gæta og því er eðlilegt að þeir láti ákveðin málefni sig varða. Í öðru lagi er hæpið að hvatning til sniðgöngu hafi hörmulegar afleiðingar fyrir samfélagið. Einstaklingar hafa val og aukin umfjöllun ætti að vera af hinu góða. Þrátt fyrir það, þarf að passa að það sé ekki gengið of langt, því sniðganga getur stuðlað að óeðlilegum félagsþrýstingi eða félagslegri fordæmingu.

Josh Dickey bendir á að það geti verið flókið að finna hvernig framleiðendur, leikarar og leikstjórar eru tengdir kvikmyndum.<sup>130</sup> Þess vegna þyrftum við að sniðganga allar kvikmyndir sem þeir hafa tengst frá upphafi. Það má velta því fyrir sér hvort að það sé ekki of mikil fyrirhöfn, sérstaklega í ljósi þess að hlutverk kvikmynda er fyrst og fremst að vera afþreyinga. Að vissu leyti er þetta rétt en áhorfendur eiga að fá að ráða sjálfir hversu langt þeir vilja ganga.

---

<sup>127</sup> Bale, „Critic’s Notebook: Why I Will Never Watch a New Woody Allen Film Again.“

<sup>128</sup> Berkun, „Should you ban Woody Allen’s Films?“

<sup>129</sup> Berkun, „Banning Something Makes it Powerful.“

<sup>130</sup> Dickey, „Want to be sure you’re not paying Harvey Weinstein? There’s only one way.“

Hins vegar má segja að hlutverk kvikmynda sé laskað að einhverju leyti. Af hverju eiga einstaklingar að velta fyrir sér bakgrunni framleiðenda, leikara og leikstjóra? Kemur það þeim í rauninni eitthvað við?

Jed Perl gagnrýnir þessa tengingu, enda telur hann að list þurfi ekki alltaf að vera pólitísk. Hann gefur til kynna að við eigum að leyfa list að vera list. Því ættum við að hætta að smætta hana niður.<sup>131</sup> Það er margt til í þessu hjá honum, þar sem listin þarf að hafa frjálsar hendur svo að hún geti verið skapandi.

Síðan ber að hafa í huga að það eru hundruð ef ekki þúsundir einstaklinga sem koma að einni Hollywoodkvikmynd. Ef einstaklingar sniðganga kvikmyndir vegna siðferðisbrest eins aðila, þá er hann einnig að sniðganga alla hina líka. Þetta er einstaklega ósanngjarnt gagnvart öllum hinum sem lögðu mikið á sig við að búa kvikmyndina til. Að lokum þá er ákveðin þekkingarfræðileg klípa sem einstaklingar eru í, því að þeir vita ekki allan sannleikann. Hugsanlega eru framleiðendur, leikarar og leikstjórar sem eru ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi saklausir. Það getur verið mjög erfitt að vita nákvæmlega hvað átti sér stað. Þess vegna er alltaf hugsanlegt að hvatning til sniðgöngu sé eingöngu byggð á orðrómi sem kann að vera reistur á ótraustum grunni.

Um báðar hliðarnar hafa komið fram sannfærandi rök sem ber að taka tillit til. Hins vegar er erfitt að skera úr um hvaða hlið stendur uppi sem sigurvegari. Þess vegna er mikilvægt að taka siðfræðina með inn í reikninginn.

Eins og fyrr var tekið fram, þá er ákveðin togstreita á milli griðaréttis og gæðaréttis, þar sem að það getur verið vandasamt að vita hvenær það sé í lagi að skipta sér af öðrum. Þetta mál var John Stuart Mill hugleikið. Hann telur að það sé í lagi að skipta sér af öðrum ef þeir skaða hagsmuni annarra, eins og til dæmis þegar þeir eru kærulausir um velferð þeirra án þess að brjóta skýlausan rétt á þeim. Hann færir rök fyrir því að almenningsálitið megi refska slíkum einstaklingum, en það hlýtur að vera nauðsynlegt í málum eins og þessum þegar lög ná ekki utan um athæfið.<sup>132</sup> Mill tekur þó fram að áhrifum almenningsálitsins séu takmörk sett. Hann telur meðal annars að það megi alls ekki hafa áhrif á þau málefni sem varða aðeins einstaklinginn sjálfan. Mill telur að einstaklingar megi ráðleggja hver öðrum, hjálpast að við að komast að því hvað sé gott, þeir megi forðast hvorn annan og vara við öðrum.<sup>133</sup> Hins vegar

---

<sup>131</sup> Perl, „Liberals Are Killing Art.“

<sup>132</sup> Mill, *Frelsið*, 139-140.

<sup>133</sup> Sama heimild, 140-143.

telur Mill að breytni einstaklinga geti skaðað aðra óbeint og telur hann að í slíkum tilvikum þurfum við að þola það.<sup>134</sup> Þetta er alveg rétt hjá honum, enda liggur frelsi undir. Þetta gefur til kynna að okkur beri að hafa umburðarlyndi gagnvart framleiðendum, leikurum og leikstjórum sem hafa verið ásakaðir um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, allavega þegar kemur að kvikmyndum þeirra.

Mill varar einnig við því að almenningsálitið geti verið misnotað.<sup>135</sup> Bourdieu tekur undir það en hann heldur því fram að almenningsálitið sé talsýn sem sé notuð til að knýja fram hagsmuni.<sup>136</sup> Það er lítið mál að tengja kreddurnar sem Bourdieu telur sig sjá við umræðuna um kynferðislega áreitni og ofbeldi.<sup>137</sup> Þá er augljóst að einstaklingar eru í misjafnari stöðu til að mynda sér skoðun, skoðanir veða ekki allar jafn þungt og almennt eru einstaklingar ekki sammála um hvernig eiga að taka á vandanum. Þrátt fyrir það bendir allt til þess að almenningsálitið sé til. Til dæmis er meirihluti einstaklinga á móti kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Hins vegar eru einstaklingar ekki sammála um hvernig eigi að bregðast við því.

Að öllu samanlögðu bendir allt til þess að það sé ekki siðferðilega ámælisvert að horfa á kvikmynd þegar einhver úr hópi framleiðenda, leikstjóra eða leikara hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Hins vegar þýðir það ekki að einstaklingar eigi að leggja árar í bát, því að almenningsálitið getur gert ýmislegt. Almenningsálitið getur verið nytsamlegt við að skapa skýra orðræðu, við að ráðleggja einstaklingum og hvetja menn til dáða. Þá er mikilvægt að samfélagið í heild sinni stuðli að virkari samræðu um kynferðislega áreitni og ofbeldi, þar sem allar raddir fá að heyrast.

---

<sup>134</sup> Mill, *Frelsið*, 150.

<sup>135</sup> Sama heimild, 141-142.

<sup>136</sup> Bourdieu, *Almenningsálitið er ekki til*, 64-65.

<sup>137</sup> Sama heimild, 61-62.

## Heimildaskrá

Almouai, Azzam. „Asu weighs in: can we separate art from artist.“ *The State Press*, 24. október 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <http://www.statepress.com/article/2017/10/spartcult-can-art-be-separated-from-artist>.

Bale, Miriam. „Critic’s Notebook: Why I Will never Watch a New Woody Allen Film Again.“ *The Hollywood Reporter*, 2. desember 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.hollywoodreporter.com/news/critics-notebook-why-i-will-never-watch-a-woody-allen-film-again-1063776>.

Berkun, Scott. „Banning Something Makes It Powerful.“ *Scott Berkun*, 5. desember 2013. Sótt 9. apríl 2018 af <http://scottberkun.com/2013/banning-things-makes-them-powerful/>.

Berkun, Scott. „Should you ban Woody Allen’s films?“ *Scott Berkun*, 23. febrúar 2014. Sótt 9. apríl 2018 af <http://scottberkun.com/2014/should-you-ban-woody-allens-films/>.

Bleasdale, John. „Why we can’t watch Woody Allen films anymore.“ *The Skinny*, 18. október 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <http://www.theskinny.co.uk/film/opinion/why-we-cant-watch-woody-allen-films-anymore>.

Bourdieu, Pierre. *Almenningsálitid er ekki til*. Ritstjóri Davíð Kristinsson. Reykjavík: Omdúrman/Reykjavíkur Akademían, 2007.

Deb, Sopan og Leiderman, Deborah. „Woody Allen, Mia Farrow, Dylan Farrow: A Timeline.“ *The New York Times*, 31. janúar 2018. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.nytimes.com/2018/01/31/movies/woody-allen-mia-farrow-dylan-farrow-a-timeline.html>.

Dickey, Josh. „Want to be sure you're not paying Harvey Weinstein? There's only one way.“ *Mashable*, 19. október 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <https://mashable.com/2017/10/19/harvey-weinstein-make-money-movies-films-dimension-co/#eKCvEiujVmql>.

Farrow, Dylan. „Dylan Farrow: Why has the #MeToo revolution spared Woody Allen?“ *Los Angeles Times*, 7. desember 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <http://www.latimes.com/opinion/op-ed/la-oe-farrow-woody-allen-me-too-20171207-story.html>.

Freeman, Hadley. „What does Hollywood's reverence for child rapist Roman Polanski tell us?“ *The Guardian*, 30. janúar 2018. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.theguardian.com/film/2018/jan/30/hollywood-reverence-child-rapist-roman-polanski-convicted-40-years-on-run>.

Garrett, Leah. „Wagner Dilemma: can we hate the bigotry but still love his music?“ *The Guardian*, 20. nóvember 2013. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.theguardian.com/culture/2013/nov/20/wagner-dilemma-hate-bigotry-love-music>.

Halldór Gunnar Haraldsson. „Hvort er maður sekur uns sakleysi er sannað eða saklaus uns sekt er sönnuð?“ *Vísindavefurinn*, 8. október 2002. Sótt 9. apríl 2018 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2766>.

Mayer, Dominick. „The ethical debate over buying a ticket to a Woody Allen movie.“ *The Daily Dot*, 29. júlí 2014. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.dailydot.com/via/woody-allen-movie-derogatis-test/>.

McKenna, Meghan. „Should We Stop Watching Harvey Weinstein's Movies?“ *Fashion*, 23. október 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <https://fashionmagazine.com/culture/harvey-weinstein-movie-boycott/>.



Mill, John Stuart. *Frelsið*. 3. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.

Mill, Brett og Barlow, David M, ritstjórar. *Reading Media Theory*. 2. útgáfa. New York: Routledge, 2013.

Perl, Jed. „Liberals Are Killing Art.“ *The New Republic*, 5. ágúst 2014. Sótt 26. apríl 2018 af <https://newrepublic.com/article/118958/liberals-are-killing-art-insisting-its-always-political>.

Shugerman, Emily. „Me too: why are women sharing stories of sexual assault and how did it start?“ *Independent*, 17. október 2017. Sótt 9. apríl 2018 af <http://www.independent.co.uk/news/world/americas/me-too-facebook-hashtag-why-when-meaning-sexual-harassment-rape-stories-explained-a8005936.html>.

Silverstein, Melissa. „Why I won't be seeing Woody Allen's new film.“ *The Guardian*, 12. maí 2016. Sótt 9. apríl 2018 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2016/may/12/woody-allen-film-cafe-society-cannes>.

Vilhjálmur Árnason. *Siðfræði lífs og dauða*. 2. útgáfa. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2003.

Þorvaldur Örn Kristmundsson. „Var kynferðislega áreitt af leikstjóra.“ *Morgunblaðið*, 15. október 2017. Sótt 25. apríl 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/15/var\\_kynferdislega\\_areitt\\_af\\_leikstjora/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/15/var_kynferdislega_areitt_af_leikstjora/).